

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttur, Jóhann Ársælsson,  
Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

### 1. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast ársfjórðungslega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launavísitölu. Þó skulu framangreindar bætur, greiðslur og fjárhæðir hækka í samræmi við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs ef slík viðmiðun leiðir til hærri bóta.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á því ákvæði almannatryggingalaga sem kveður á um hækkun bóta, greiðslna og fjárhæða samkvæmt lögnum. Með lögum nr. 130/1997, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998, var núgildandi regla sett. Þar er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. almannatryggingalaganna, séu endurskoðaðar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni og breytt í samræmi við þróun launa, en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Í ljós hefur komið að á síðustu árum hefur launavísitala hækkað mun meira en vísitala neysluverðs. Því hefði viðmiðun við fyrrnefnda vísitölu leitt til mun meiri og sanngjarnari hækkana en viðmiðun við vísitölu neysluverðs hefur gert, sjá fylgiskjal með yfirliti frá Hagstofu Íslands um breytingar á vísitölu neysluverðs 1996–99 og launavísitölu 1997–99. Þar kemur fram að meðaltalshækkun vísitölu neysluverðs árið 1998 var 1,7% en meðaltalshækkun launavísitölu á sama tíma var 9,4%.

Stjórnvöld hafa valið þá leið að fylgja vísitölu neysluverðs í stað þess að fylgja þróun launa við fyrrgreindar breytingar. Hér er lagt til að launavísitölu verði fylgt og að framangreindar breytingar komi til framkvæmda ársfjórðungslega í stað þess að slíkt gerist árlega enda vísitölur reiknaðar út mánaðarlega. Bið eftir hækkunum og uppfærslu í allt að tólf mánuði er talin óeðlilega löng og óréttlát. Landssamband eldri borgara hefur lagt áherslu á að þessu verði breytt, sbr. ályktun um kjaramál frá landsfundi sambandsins 20.–21. maí sl. Í ályktuninni er lýst nauðsyn þess að hækka grunnlífeyri almannatrygginga án skerðingar tekjutryggingar og að í kjölfarið verði breytingar á upphæð grunnlífeyris almannatrygginga og annarra bótaflokka látnar fylgja breytingum á launavísitölu Hagstofunnar og verðlagi sem komi til framkvæmda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Ef sú staða kæmi síðan upp að vísitala neysluverðs reyndist hagstæðari viðmiðun er lagt til að við hana verði miðað í stað launavísitölunnar og er fyrirvara í 3. másl. 1. gr. frumvarpsins ætlað að tryggja það. Ástæða þess að það er lagt fram nú er að flutningsmenn telja nauðsynlegt að kjör þess hóps sem nýtur réttar samkvæmt almannatryggingalögum verði leiðrétt og bætt.

### Launavísitala 1997–99.

Des. 1988 = 100	Vísitala launamánaðar	Breyting frá fyrra mánuði, %	Umreiknað til árhækkunar miðað við hækkun vísitölunnar		
			Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
<b>1997</b>					
Janúar	148,8	0,1	1,6	1,2	1,4
Febrúar	148,9	0,1	1,9	1,4	1,4
Mars	149,5	0,4	2,2	2,0	1,4
Apríl	154,1	3,1	15,0	8,1	4,5
Mái	156,7	1,7	22,7	11,8	6,0
Júní	157,1	0,3	21,9	11,6	6,2
Júlí	157,9	0,5	10,2	12,6	6,8
Ágúst	158,0	0,1	3,4	12,6	6,8
September	158,5	0,3	3,6	12,4	7,1
Október	159,3	0,5	3,6	6,9	7,5
Nóvember	159,8	0,3	4,6	4,0	7,8
Desember	160,7	0,6	5,7	4,6	8,1
Meðaltal	155,8	–	–	–	5,4
<b>1998</b>					
Janúar	167,9	4,5	23,4	13,1	12,8
Febrúar	168,4	0,3	23,3	13,6	13,1
Mars	168,7	0,2	21,4	13,3	12,8
Apríl	169,2	0,3	3,1	12,8	9,8
Mái	169,4	0,1	2,4	12,4	8,1
Júní	169,9	0,3	2,9	11,8	8,1
Júlí	170,4	0,3	2,9	3,0	7,9
Ágúst	171,4	0,6	4,8	3,6	8,5
September	171,7	0,2	4,3	3,6	8,3
Október	172,1	0,2	4,1	3,5	8,0
Nóvember	172,5	0,2	2,6	3,7	7,9
Desember	173,3	0,5	3,8	4,0	7,8
Meðaltal	170,4	–	–	–	9,4
<b>1999</b>					
Janúar	180,4	4,1	20,7	12,1	7,4
Febrúar	180,9	0,3	20,9	11,4	7,4
Mars	181,2	0,2	19,5	11,4	7,4
Apríl	181,4	0,1	2,2	11,1	7,2

Skýring: launavísitala er reiknuð og birt skv. lögum nr. 89/1989. Vísitalan miðast við meðallaun í hverjum mánuði og er reiknuð og birt um miðjan næsta mánuð.

**Breytingar vísitölu neysluverðs 1996–1999.**

Maí 1988 = 100	Vísitala	Breytingar í hverjum mánuði, %	Umreiknað til ársþækkunar miðað við hækkun vísitölnunnar			
			Síðasta mánuð, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
<b>1996</b>						
Janúar	174,9	0,4	4,9	0,0	2,4	1,6
Febrúar	175,2	0,2	2,1	2,1	2,0	1,7
Mars	175,5	0,2	2,1	3,0	1,6	2,0
Apríl	175,8	0,2	2,1	2,1	1,0	2,3
Mái	176,9	0,6	7,8	3,9	3,0	2,8
Júní	176,7	-0,1	-1,3	2,8	2,9	2,6
Júlí	176,9	0,1	1,4	2,5	2,3	2,4
Ágúst	178,0	0,6	7,7	2,5	3,2	2,6
September	178,4	0,2	2,7	3,9	3,3	2,5
Október	178,5	0,1	0,7	3,7	3,1	2,1
Nóvember	178,6	0,1	0,7	1,4	1,9	2,5
Desember	177,8	-0,4	-5,2	-1,3	1,2	2,1
Meðaltal	177,1	–	–	–	–	2,3
<b>1997</b>						
Janúar	178,4	0,3	4,1	-0,2	1,7	2,0
Febrúar	178,5	0,1	0,7	-0,2	0,6	1,9
Mars	178,4	-0,1	-0,7	1,4	0,0	1,7
Apríl	179,7	0,7	9,1	2,9	1,3	2,2
Mái	179,4	-0,2	-2,0	2,0	0,9	1,4
Júní	179,8	0,2	2,7	3,2	2,3	1,8
Júlí	180,1	0,2	2,0	0,9	1,9	1,8
Ágúst	180,6	0,3	3,4	2,7	2,4	1,5
September	181,3	0,4	4,8	3,4	3,3	1,6
Október	181,9	0,3	4,0	4,1	2,5	1,9
Nóvember	181,7	-0,1	-1,3	2,5	2,6	1,7
Desember	181,4	-0,2	-2,0	0,2	1,8	2,0
Meðaltal	180,3	–	–	–	–	1,8
<b>1998</b>						
Janúar	182,4	0,6	6,8	1,1	2,6	2,2
Febrúar	182,0	-0,2	-2,6	0,7	1,6	2,0
Mars	182,7	0,4	4,7	2,9	1,6	2,4
Apríl	183,1	0,2	2,7	1,5	1,3	1,9
Mái	183,7	0,3	4,0	3,8	2,2	2,4
Júní	184,0	0,2	2,0	2,9	2,9	2,3
Júlí	183,6	-0,2	-2,6	1,1	1,3	1,9
Ágúst	182,6	-0,5	-6,3	-2,4	0,7	1,1
September	182,8	0,1	1,3	-2,6	0,1	0,8
Október	183,6	0,4	5,4	0,0	0,5	0,9
Nóvember	184,1	0,3	3,3	3,3	0,4	1,3
Desember	183,7	-0,2	-2,6	2,0	-0,3	1,3
Meðaltal	183,3	–	–	–	–	1,7
<b>1999</b>						
Janúar	184,8	0,6	7,4	2,6	1,3	1,3
Febrúar	184,5	-0,2	-1,9	0,9	2,1	1,4
Mars	185,4	0,5	6,0	3,8	2,9	1,5
Apríl	186,4	0,5	6,7	3,5	3,1	1,8
Mái	187,3	0,5	6,0	6,2	3,5	2,0